

Nd.

154. Nefndarálit

um frumvarp til laga um laun hreppstjóra.

Laun þau, sem ætluð eru hreppstjórum í frumvarpi þessu, virðast alt of lág, þegar tekið er tillit til þeirra mörgu þýðingarmiklu og vandasömu starfa, sem þeim er skylt að vinna. Jafnvel þó hreppstjórar hafi nokkrar aukatekjur fyrir sjerstök verk, sýnast föstu launin varla mega minni vera en oddvitalaun samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Að öðru leyti hefir nefndin ekkert við frumvarpið að athuga, og leggur til, að það verði samþykkt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir »einni krónu« komi: 2 krónum.
2. — — — Fyrir »30« komi: 50.

Neðri deild alþingis, 25. júlí 1913.

Jón Magnússon,
formaður.

Ólafur Briem,
skrifari og framsögum.

Matth. Ólafsson. Jón Ólafsson. Tryggvi Bjarnasen.

Halldór Steinsson. Kristinn Danielsson.